

Alþingi
Erindi nr. P 138/1713
komudagur 13.4.2010

12.4.2010

Vegna frumvarps til laga um fasteignarsölur og fleira (448. mál).

Kæra nefndarsvið

Ég hef fengið þær upplýsingar að ef ég hafi athugasemd við það frumvarp sem er til umræðu þessa dagana þá eigi ég að snú mér til ykkar.

Þannig er mál með vexti að ég er búinn að vera mjög hugsí yfir lögum um fasteignasölur síðustu mánuði enda hef ég verið að reyna að standa í fasteignakaupum þó ótrúlegt megi virðast á þessum tímum. Þar sem ég er ekki lögfræðimenntaður og varla hæfur til að koma með einhverjar breytingartillögur við þessi lög langar mig bara til að vekja athygli á því sem ég tel vera mjög vafasamt í lögum eins og þau koma mér fyrir sjónir núna. Þannig er það nú að einn og sami fasteignasalinn á að virka sem hagsmuna aðili seljanda og kaupenda. Ásamt því að hann fái greitt eftir verði fasteignarinnar, þetta tel ég varla geta staðist. Enda hef ég upplifað það að fasteignasalar eru fyrst og fremst að vinna hag seljenda til hagsbóta og alls ekki kaupenda. Þannig eru mikilvægustu kaupum venjulegs fólks gerð óþarflega erfið. Ég tel að nefndin ætti að mælast til breytingar á þessu ferli þannig að hvor aðilinn hefði sinn eigin hagsmuna aðila, þannig að kaup á fasteign færi fram á svipuðum grundvelli og önnur lögfræðileg atriði. Kaupandi hefði sinn fasteignasala og seljandi sinn og báðir þessir aðilar fengu greitt frá sínum umbjóðanda. Þetta myndi þá valda því að kaupandi fengi einnig góða ráðgjöf og laun fasteignasalanna væru ekki tengt því hvað þeir geti pressað verðið hátt upp. En það er klárlega reynsla mín og annarra að það sé einmitt þannig sem markaðurinn virkar.

Ég vona að ég hafi náð að koma erindi mínu til skila við rétta aðila og að vel verði tekið í þessa hugmynd. Ég veit ekki hvernig svona lagað gengur fyrir sig en ég tel að það sé klárlega til bóta fyrir alla að fasteignasalar hafi einn umbjóðanda og vinni eingöngu að hans málum í stað þess að ruglað sé reitum á þann hátt sem virðist vera í þessu í dag.

Með kveðju og ósk um viðbrögð
Hallur Hróarsson.

